

Alþingi
Erindi nr. P 133/1374
komudagur 5.3.2007



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. mars 2007.


Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, 464. mál, próf í íslensku o.fl.:

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, 464. mál, próf í íslensku o.fl. BSRB telur frumvarpið á margan hátt skref í rétta átt en gerir þó athugasemdir við nokkur atriði.

Í c-lið 5. gr. frumvarpsins eru tilgreind ýmis skilyrði sem umsækjandi um ríkisborgararétt þarf að uppfylla. M.a. þarf umsækjandi um ríkisborgararétt að hafa staðist próf í íslensku samkvæmt kröfum sem dómsmálaráðherra setur í reglugerð. Þar segir jafnframt að í reglugerð skuli kveðið á um undanþágur fyrir þá sem telja verði ósanngjarnt að gera þessar kröfur til. Í athugasemdum segir að einkum hljóti að koma til greina að undanþiggja þá einstaklinga skilyrði um íslenskukunnáttu sem flust hafa til landsins eftir miðjan aldur og eins þá sem búa við einhverja fötlun sem veldur því að krafan er óraunhæf. BSRB tekur undir þetta en bendir á að einnig þarf að taka tillit til ýmissa annarra hópa, t.d. þeirra sem koma frá gerólíku málsvæði svo og þeirra sem hvorki eru læsir eða skrifandi á eigið tungumál. Þá er lagt til að gildistöku þess ákvæðis sé frestað í tvö ár og tekur BSRB undir það.

Í 4. tölulið 5. gr. segir að árangurslaust fjárnám megi ekki hafa verið gert hjá umsækjanda sl. þrjú ár, né heldur hafi bú hans verið tekið til gjaldþrotaskipta eða að hann verið í vanskilum með skattgreiðslur. Í 5. tölulið er það gert að skilyrði að umsækjandi geti framfleytt sér héraendis og hafi ekki þegið framfærslustyrki frá sveitarfélagi sl. þrjú ár. BSRB vill vekja athygli á að vafasamt er að þessi skilyrði standist mannréttindaákvæði. Þá getur fólk af erlendu bergi brotið lent í tímabundnum vandræðum rétt eins og innfæddir Íslendingar og því er engin ástæða til að setja svona ströng skilyrði í frumvarpið.

Fyrir hönd BSRB


Sigurður A. Friðbjólfsson


Helga Jónsdóttir